

Vorfundur Kvasis – aðalfundur

**Fundurinn var haldinn á Grand Hótel Reykjavík,
föstudaginn 25. mars 2011 og hófst kl. 10.**

Dagskrá

Setning.

Kosning fundarstjóra og ritara.

Venjuleg aðalfundarstörf - samkvæmt samþykktum Kvasis.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um árgjöld.
4. Breytingar á samþykktum.
5. Skipun stjórnar.
6. Aðildarumsókn Framvegis.
7. Önnur mál.

Þátttakendur

- Frá Farskólanum - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Bryndís K. Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson.
- Frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Smári Haraldsson.
- Frá Fræðsluneti Suðurlands. Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir.
- Frá Mími – símenntun. Hulda Ólafsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir og Sólborg Jónsdóttir.
- Frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi. Inga Dóra Halldórsdóttir.
- Frá SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Valgeir Blöndal Magnússon.
- Frá Visku – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Valgerður Guðjónsdóttir.
- Frá Þekkingarneti Austurlands. Stefanía G. Kristinsdóttir.
- Frá Þekkingarsetri Þingeyinga. Óli Halldórsson og Helena Eydís Ingólfssdóttir.
- Frá MSS - miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Bryndís K. Þráinsdóttir fór með umboð fyrir Guðjónínu Sæmundsdóttur.

Setning vorfundar

Formaður Stefanía G. Kristinsdóttir bauð fólk velkomið og setti fundinn.

Bauðst hún til að stýra fundi og var það samþykkt einróma.

Fundarritarar voru kjörnir Jóhann Ingólfsson og Smári Haraldsson.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Skýrslan er viðhengi við þessa fundargerð.

2. Afgreiðsla ársreikninga

Hulda Ólafsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningum. Rekstrartekjur voru kr. 2.127.450 (2.110.000). Rekstrargjöld voru kr. 1.914.284 (2.130.895). Eignir í árslok voru kr. 410.978 (182.732). Skuldir og eigið fé voru kr. 410.978 (182.732). Handbært fé í árslok var kr. 410.496 (182.732). Samsvarandi tölur fyrir árið 2009 eru innan sviga.

Reikningar voru skoðaðir af Theodóri S. Sigurbergssyni, endurskoðanda, sem starfar hjá fyrirtækinu Grant Thornton endurskoðun ehf. Ársreikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um árgjöld

Stjórn gerði eftirfarandi tillögur um fjárhagsáætlun 2010. Útgjöld árið 2010 eru til samanburðar.

Heildartekjur og gjöld eru áætluð kr. 2.500.000. Í tillögunum er gert ráð fyrir óbreyttum árgjöldum kr. 150.000 á miðstöð.

Tekjur og gjöld skiptast þannig:

	2011	Niðurstaða 2010
Tekjur		
Árgjöld	1.500.000	1.502.450
Aðrar tekjur (Styrkur Starfsmenntaráðs)	1.500.000	625.000
Samtals tekjur	3.000.000	2.127.450
PNA v/styrks frá Starfsmenntaráði	1500000	
Kostnaður við heimasíðu	360.000	282.273
Ferðakostnaður	200.000	20.812
Fundakostnaður	350.000	513.950
Reikningsleg aðstoð	65.000	66.124
Auglýsingar	150.000	125.795
Annar kostnaður *	375.000	905.330
Samtals gjöld	3.000.000	1.914.284

*Annar kostnaður 2010

Myschool	828.300
Fjölföldun	70.530
Gjafir	6.500

Rætt var um kostnað við vistun heimasíðu og þrátt fyrir að í áætlun sé gert ráð fyrir óbreyttum kostnaði lýsti gjaldkeri því yfir að stjórn muni kanna það mál með það að markmiði að lækka kostnað við hýsinguna.

Samþykkt að árgjöld fyrir árið 2011 verði óbreytt kr. 150 þúsund á hverja miðstöð. Fjárhagsáætlun og félagsgjöld samþykkt samhljóða, þó með fyrirvara um breytingar vegna menntabúar.

4. Breytingar á samþykktum

Smári gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum sem vinnuhópur hefur unnið og lagt fyrir stjórn. Fundarstjóri fór síðan yfir hverja grein og bara hana upp til samþykktar og ef við átti með þeim breytingum sem lagðar voru til af stjórn eða á fundinum.

Allar greinar voru samþykktar samhljóða sem og samþykktirnar í heild sinni. Samþykktirnar eru í viðauka við þessa fundargerð.

5. Skipun stjórnar

Smári Haraldsson hverfur úr stjórn Kvasis þar sem hann hefur setið í 2 ár.

Í hans stað var kjörin í stjórnina Bryndís K Þráinsdóttir. Fyrir sitja í stjórn þær Hulda Ólafsdóttir og Stefanía G. Kristinsdóttir sem kjörnar voru á aðalfundi 2010.

6. Aðildarumsókn Framvegis

Lagt fram bréf frá Framvegis – miðstöð um símenntun í Reykjavík, dags. 3.12.2009, þar sem óskað er eftir að Framvegis fái aðild að Kvasi. Afgreiðslu erindisins var frestað á aðalfundi 2010.

Aðildarumsókn Framvegis var samþykkt svo fremi sem Framvegis uppfyllir aðildarskilmála í gildandi samþykktum. Stjórn var falið að kanna það.

7. Menntabré

Spurst var fyrir um Menntabré og endurnýjun á henni. Jóhann Ingólfsson sagði að í stjórn Menntabráar hefði komið fram að í mennta- og menningarmálaráðuneytinu sé verið að kanna með kaup á nýrri brú fyrir öll skólastig og alla skóla. Kvasir myndi þá ekki eiga í brúnni heldur aðeins greiða fyrir notkun.

Þá upplýsti Óli Halldórsson að háskólar hafa eitthvað hist og rætt um að skólarnir keyptu brú og seldu aðgang.

Stjórn falið að afla upplýsinga um stöðu málsins.

8. Fundarslit

Fundarstjóri Stefía G. Kristinsdóttir þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og góðan fund og sleit síðan fundi kl. 12.25.

Jóhann Ingólfsson, ritari.

Smári Haraldsson, ritari.

Stefanía G. Kristinsdóttir, fundarstjóri.

1. Viðhengi – skýrsla stjórnar, sbr 1. lið dagskrár.

1 Starfsemi Kvasis

Eftirfarandi eru helstu viðfangsefni og viðburðir í starfi Kvasis á starfsárinu 2010-2011.

1.1 Aðalfundur Kvasis 2010

Aðalfundur Kvasis fyrir árið 2010 var haldinn á Akureyri mánudaginn 19. apríl 2010.

Þá viku Erla Björg Guðmundsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir úr stjórn þar sem þær höfðu setið í 2 ár og í þeirra stað voru kjörnar Hulda Ólafsdóttir frá Mími – símenntun og Stefanía G. Kristinsdóttir frá Þekkingarneti Austurlands. Fyrir var Smári Haraldsson í stjórn.

Stjórnin skipi þannig með sér verkum að Stefanía var kjörin formaður, Hulda gjaldkeri og Smári ritari.

1.2 Tíu ár afmæli Kvasis.

Á haustfundi Kvasis 2009 var skipuð afmælisnefnd til að undirbúa 10 ára afmæli Kvasis, í henni sátu Ásmundur Pálsson, formaður, Guðjónína Sæmundsdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir. Afmælisnefnd boðaði til ráðstefnu á Hótel Örk í Hveragerði miðvikudaginn 13. október 2010.

Dagskrá ráðstefnunnar var:

- 13.30–13.45: Setning. Stefanía Kristinsdóttir, formaður Kvasis.
- 13.45–14.00: Ávarp. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.
- 14.05–14.20: Hlutverk símenntunarmiðstöðva – kom það í ljós? Skúli Thoroddsen, fyrrverandi framkvæmdastjóri MSS.
- 14.25–15.10: Menntun og lífsfylling Ólafur Páll Jónsson, heimspekingur.
- 15.45–16.00: Hlutverk háskóla í fjarnámi og samstarf. Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri.
- 16.00–16.15: Markviss stuðningur við fræðslu. Kristín Njálisdóttir, forstöðumaður Landsmenntar.
- 16.15–16.30: Þróun framhaldsfræðslu á tímum mikilla breytinga. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Ráðstefnustjórar voru þau Emil Björnsson, fyrsti formaður Kvasis og Guðjónína Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri MSS.

Að lokinni ráðstefnu var farið í óvissuferð þar sem Kvasisfélagar heimsóttu Steinunni Ósk Kolbeinsdóttur starfsmann Fræðslunets Suðurlands í afdrep hennar að Uppsölum í Fljótshlíð. Var þar borinn fram hinn besti beini og yfirgáfu veislugestir Fljótshlíðina flestir fullir og allir saddir og sælir.

1.3 Haustfundur 2010

Haustfundur Kvasis 2010 var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði fimmtudaginn 14. október 2010. Á fundinum var fjallað um eftirfarandi þætti.

- 1 Markmið og hlutverk Kvasis í innflytjendamálum
- 2 Innleiðing framhaldsfræðslulaga
- 3 Menntastoðir, fjarnám!

- 4 Gæðastarf í símenntun (EQM)
- 5 Fullorðinsfræðsluáætlun Evrópusambandsins – Grundtvig.
- 6 Umfang og þróun starfssemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna
- 7 Stefnumótunarvinna sem undirbúin var af stefnumótunarhópi

Fundargerð haustfundar má finna á innri vef Kvasis.

1.4 Fundir forstöðumanna

Aukin áhersla var lögð á samstarf og fundi forstöðumanna Kvasis á starfsárinu en forstöðumenn símenntunarmiðstöðvanna innan Kvasis hittust á starfsdögum 13. október 2010 á Hótel Örk, 18. nóvember 2010 á Grand Hótel og 14. janúar 2011 á Hótel Glym í Hvalfirði.

Helstu viðfangsefni forstöðumannaafunda voru:

- Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þróun vottaðra námsleiða, námsráðgjöf og raunfærnimat
- Innleiðing gæðakerfisins EQM hjá miðstöðvunum
- Fjármál og starfsmannamál
- Málefni og sérstaða landsbyggðarinnar varðandi framkvæmd fullorðinsfræðslu
- Tæknimál, FS-net, Menntabré o.fl.
- Íslenskukennsla og innflytjendamál
- Samstarf um framkvæmd námsskrá og námsskrárgerð
- Stefnumótun Kvasis
- Samstarfssamningar, Vinnumálastofnun, Greiningarmiðstöð, Endurmenntun ofl.
- Önnur mál.

Sjá nánar um efni forstöðumannaafunda í fundargerðum á innri vef Kvasis.

2 Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin hélt 9 bókaða fundi á starfsárinu. Helstu verkefni stjórnar voru eftirtalin:

2.1 Innleiðing framhaldsfræðslulaga.

Þetta mál hefur einkum verið á borði Leiknar en Kvasir hefur þó komið að því með óbeinum hætti. Formaður sat t.d. fjarfund í mennta- og menningarmálaráðuneyti um málið 21. maí 2010 þar sem ákveðið var að vísa málinu til Leiknar samtaka fullorðinsfræðsluaðila, Leikn tilnefndi fulltrúa fræðsluaðila í stefnumótunarhópa á vegum menntamálaráðuneytisins.

Í kjölfarið kom upp umræða í stjórnnum Leiknar og Kvasis um hvort ekki væri eðlilegt að Kvasir yrðu hagsmunasamtök þeirra sem störfuðu að hluta til á grundvelli framhaldsfræðslulaga þar sem flestir þeir sem njóta stuðning Fræðslusjóðs eru aðilar að Kvasir.

2.2 Stefnumótun fyrir Kvasi

Skipaður var stefnumótunarhópur á vorkundi Kvasis 2010 en í honum sitja Stefanía G. Kristinsdóttir, Hulda Ólafsdóttir og Bryndís Þráinsdóttir. Stefnumótunarhópur vann náð með stjórn.

Ákvörðun um að fara í stefnumótun grundvallaðist á yfirstandandi breytingum á umhverfi fullorðinsfræðslunnar með tilkomu laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og Fræðslusjóðs sem og umsókn Framvegis um aðild að Kvasi. Ákveðið var á vofundi 2010 að fresta afgreiðslu á aðildarbeiðni Framvegis þar til að stefnumótun væri lokið.

Hópurinn skipulagði stefnumótunarfund í kjölfar haustfundar og afmælis Kvasis í september 2010 og í aðdraganda hans var gerð könnun meðal forstöðumanna um nokkra málaflokka framhalds- og fullorðinsfræðslunnar m.a. um hvort eðlilegt væri að leggja Kvasir niður í kjölfar aukins formlegs hlutverks Leiknar sem hagsmunasamtaka fullorðins- og framhaldsfræðslunnar, en þar kom fram að meirihluti forstöðumanna vildi að Kvasir starfaði áfram.

Framvinda stefnumótunarvinnunnar var samtvinnuð umræðu um hlutverk Kvasis sem hagsmunasamtaka framhaldsfræðslunnar. Jafnframt byggði stefnumótunarvinnan á samskiptum stjórnar Kvasis við fulltrúa Fræðslusjóðs og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins varðandi ósk um aukna aðkomu að þróun fullorðinsfræðslunnar til að nýta betur mannauð og þekkingu þeirra við þróun námsskráa, námsefnis, gæðakerfis og náms- og starfsráðgjafa.

Í tillögu stefnumótunarhóps og stjórnar Kvasis að breytingum á samþykktum félagsins endurspeglast þessar áherslur þar sem skilgreining á aðildarfélögum í Kvasi breytist frá því að miðast við svæðisbundnar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar yfir í að vera fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem starfa a.m.k. að hluta til á grundvelli framhaldsfræðslulaga, stuðningi Fræðslusjóðs og samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um nám byggt á vottuðum námsskrám og náms- og starfsráðgjöf.

Stefnumótunarhópur mun ljúka vinnu sinni eftir breytingar á samþykktum á aðalfundi Kvasis í mars 2011, á forstöðumannafundi sem verður í kjölfarið og niðurstöðurnar verða kynntar á haustfundi Kvasis á Húsavík 2011.

2.3 Samskipti við Fræðslusjóð og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Í kjölfar funda um stefnumótun Kvasis og forstöðumannafunda var óskað eftir fundi með forsvarsmönnum Fræðslusjóðs um aukna aðkomu og þátttöku fræðsluaðila í stefnumótun og þróun fullorðinsfræðslunnar sbr. lög um framhaldsfræðslu sem tóku gildi 1. október 2010.

Hulda Ólafsdóttir, gjaldkeri og Stefanía G. Kristinsdóttir, formaður sóttu fundinn, auk þeirra sátu fundinn Jón Torfi Jónasson formaður Fræðslusjóðs, Kristín Njálisdóttir, varaformaður og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. Efni fundarins var að ræða fram komnar hugmyndir Kvasis-samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um úthlutunarramma Fræðslusjóðs, þróun á umhverfi framhaldsfræðslunnar og mögulegri aðkomu miðstöðvanna að þróun framhaldsfræðslukerfisins. Fundurinn byggði m.a. á umræðu á forstöðumannafundi 14. janúar.

Niðurstaða fundarins var m.a. að stjórn Kvasis var falið að setja fram hugmyndir að samráðsferlum framhaldsfræðsluaðila og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins – Fræðslusjóðs. Einnig kallaði Fræðslusjóður eftir hugmyndum um hvernig mætti koma til móts við þarfir landsbyggðarinnar um framkvæmd námsleiða þar sem lágmarkspáttaka næst ekki.

Fræðsluaðilar fengu til undirritunar þjónustusamning frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir 2011 28. febrúar 2011, í kjölfarið óskaði stjórn Kvasis eftir fundi með fulltrúum Fræðslumiðstöðvar um endurskoðun á innihaldi samningsins. Sú beiðni var sett fram í framhaldi af viðræðum við Fræðslusjóð og hugmyndum sem þar komu fram um að mikilvægt væri að þróa samráðsferla milli fræðsluaðila og Fræðslusjóðs og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Í bréfinu kom fram að mikilvægt væri að í samningsgerðinni yrði í auknum mæli tekið mið af frumkvæði, þekkingu og mannauði fræðsluaðila. Fræðsluaðilar hafa hver í sínum landshluta þróað nám og námsefni fyrir sameiginlegan markhóp en sú vinna varð grunnur að námsleiðum og námsskrám FA.

Stefnumótunarhópur Kvasis ákvað að boða til forstöðumannafundar í kjölfar samráðsfundar með menntamálaráðuneytinu 24. mars og aðalfundar Leiknar og Kvasis 25. mars næstkomandi.

2.4 Málefni innflytjenda

Stofnaður var hópur innan Kvasis um málefni innflytjenda en hópurinn vann greinagerð um hlutverk fræðsluaðila innan Kvasis í innflytjendamálum miðað við þau lög og þá umgjörð sem málaflokkurinn hefur. Jafnframt sótti Kvasir um styrk frá Starfsmenntaráði vegna námsefnisgerðar á samfélagsnámskeiðum fyrir innflytjendur og fékk 2 milljón króna styrk. Það verkefni er langt komið og mun hópurinn skila skýrslu á haustfundi 2011.

2.5 Samningur við Greiningastöð ríkisins.

Í janúar 2011 var undirritaður samningur við Greiningarstöð ríkisins um framboð á fjarnámi til sérfræðinga og foreldra á landsbyggðinni. Samningurinn byggði á fyrri samningum fræðsluaðila innan Kvasir við Endurmenntun HÍ. Sjá samning á innri vef Kvasis.

2.6 Kynningamál

Kvasir birti sameiginlega auglýsingu og afmælisgrein í sérblaði Landi og sögu um „Skipulag, hönnun og byggingar“. Í upphaflegum samningum við Land og sögu var sérblaðið með aðra yfirskrift er tengdist menntun, atvinnulífi og nýsköpun. Töluverð seinkunn varð á útgáfu blaðsins og um leið breyting á þema þess. Formaður Kvasis sendi Einari Þorsteinssyni athugasemd vegna þess í nóvember 2011 auk þess sem Kvasir hafnaði boði Lands og sögu um aðkomu að sérblaði vorið 2011 byggt á fyrri reynslu.

Fræðslumiðstöðvar í Kvasir kynntu sameiginlega starfssemi miðstöðvanna á Fræðslufundi Starfsmenntar 3. mars 2011. Einnig kynnti hver miðstöð sérverkefni sem unnin eru innan ólíkra miðstöðva.

Símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis

Nafn	Heimasíða	Netfang
Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	http://www.farskolinn.is/	farskolinn@farskolinn.is
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	http://www.frmst.is/	frmst@frmst.is
Fræðslunet Suðurlands	http://fraedslunet.is	fraedslunet@sudurland.is
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	http://www.mss.is/	mss@mss.is
Mímir - símenntun	http://www.mimir.is/	mimir@mimir.is
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	http://www.simenntun.is	simenntun@simenntun.is
SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	http://www.simey.is/	simey@simey.is
Viska - fræðslu- og símenntunarmiðst. Vestmannaeyja	http://www.viskave.is	viska@eyjar.is
Þekkingarnet Austurlands	http://www.tna.is/	tna@tna.is
Þekkingarnet Þingeyinga	http://www.hac.is/	hac@hac.is

Vefsíða Kvasis er <http://www.fraedslumidstodvar.is/>

Vor- og haustfundir Kvasis

Ár	Nr	Staður	Fundur	Dagsetning
2000		Selfoss	Stofnfundur	31. maí
2001	1	Sauðárkrókur	Haustfundur	1. – 2. nóvember
2002	2	Ísafjörður	Vorfundur	16. – 17. maí
2002	3	Selfoss	Haustfundur	23. – 24. október
2003	4	Sveinbjarnargerði, Eyjafjörður	Vorfundur	15. – 16. maí
2003	5	Vestmannaeyjar	Haustfundur	5. – 7. nóvember
2004	6	Reykjanesbær	Vorfundur	29. – 30. apríl
2004	7	Egilsstaðir	Haustfundur	18. – 19. nóvember
2005	8	Grundarfjörður	Vorfundur	25. – 26. apríl
2005	9	Húsavík	Haustfundur	25. – 26. október
2006	10	Sauðárkrókur	Vorfundur	30. – 31. mars
2006	11	Ísafjörður	Haustfundur	5. – 6. október
2007	12	Selfoss	Vorfundur	apríl
2007	13	Egilsstaðir	Haustfundur	16. – 17. október
2008	14	Akureyri	Vorfundur	9. og 10. apríl
2008	15	Vestmannaeyjar	Haustfundur	1. og 2. október
2009	16	Reykjanesbær	Vorfundur	26. og 27. mars
2009	17	Hótel Hamar, Borgarfirði	Haustfundur	30. sept. og 1. okt.
2010	18	Akureyri	Vorfundur	19. apríl
2010	19	Hveragerði fimmtudaginn	Haustfundur	14. október 2010
2011	20	Reykjavík	Vorfundur	25. mars 2011

Stjórnir Kvasis

Tímab.	Nafn	Miðstöð	Stjórnarstarf
2000-2002	Skúli Thoroddsen Emil Björnsson Iðunn Antonsdóttir	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum Fræðslunet Austurlands Símenntunarmiðstöð Þingeyinga	Formaður Ritari Gjaldkeri
2002-2003	Iðunn Antonsdóttir Smári Haraldsson Katrín Dóra Þorsteinsdóttir	Símenntunarmiðstöð Þingeyinga Fræðslumiðstöð Vestfjarða Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Formaður Ritari Gjaldkeri
2003-2004	Katrín Dóra Þorsteinsdóttir Smári Haraldsson Inga Sigurðardóttir	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar Fræðslumiðstöð Vestfjarða Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Formaður Ritari Gjaldkeri
2004-2005	Inga Sigurðardóttir Bryndís Þráinsdóttir Jón Hjartarson	Símenntunarmiðstöð Vesturlands Farskóli Norðurlands vestra Fræðslunet Suðurlands	Formaður Ritari Gjaldkeri
2005-2006	Bryndís Þráinsdóttir Sigurður Ólafss. Valg. Guðjónsd. Guðjónína Sæmundsdóttir	Farskóli Norðurlands vestra Fræðslunet Austurlands/Viska í Vestmannaeyjum Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Formaður Ritari Gjaldkeri
	Sigurður hætti á haustfundi 25. og 26. okt. 2005 og Valgerður fulltrúi Visku kom inn í hans stað.		
2006-2007	Guðjónína Sæmundsdóttir Valgerður Guðjónsdóttir Ásmundur Sverrir Pálsson	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum Viska-Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja Fræðslunet Suðurlands	Formaður Ritari Gjaldkeri
2007-2008	Ásmundur Sverrir Pálsson Valgerður Guðjónsdóttir Óli Halldórsson	Fræðslunet Suðurlands Viska-Fræðslu- og símenntunarmið. Vestmannaeyja Þekkingarsetur Þingeyinga	Formaður Ritari Gjaldkeri
2008-2009	Óli Halldórsson Inga Dóra Halldórsdóttir Erla Björg Guðmundsdóttir	Þekkingarsetur Þingeyinga Símenntunarmiðstöð Vesturlands Símey-Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Formaður Ritari Gjaldkeri
2009-2010	Inga Dóra Halldórsdóttir Smári Haraldsson Erla Björg Guðmundsdóttir	Símenntunarmiðstöð Vesturlands Fræðslumiðstöð Vestfjarða Símey-Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Formaður Ritari Gjaldkeri
2010-2011	Stefanía G. Kristinsdóttir Hulda Ólafsdóttir Smári Haraldsson	Þekkingarnet Austurlands Mímir - símenntun Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Formaður Gjaldkeri Ritari

2. Viðauki – Samþykktir Kvasis.

SAMÞYKKTIR KVASIS SAMTAKA FRÆÐSLU – OG SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVA

1. gr. Nafn, lögheimili o.fl.

Nafn samtakanna er *Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva*.

2. gr. Varnarþing

Heimili Kvasis og varnarþing er lögheimili þeirrar stofnunar sem formaður Kvasis starfar við hverju sinni.

3. gr. Aðilar að samtökunum og réttur til aðildar

Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem:

- Starfa að öllu leyti eða að hluta til á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og njóta stuðnings Fræðslusjóðs um framhaldsfræðslu.
- Starfa samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að framhaldsfræðslu og símenntun.
- Starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (non-profit).

Aðilar að samtökunum eru hér eftir nefndir aðilar Kvasis.

Aðildarumsóknir skulu eingöngu teknar fyrir á aðalfundi. Aðild nýrra félaga er háð samhljóða samþykkt atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi. Stjórn Kvasis heldur félagaskrá.

4. gr. Markmið Kvasis

- Að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi.
- Að efla og auka skilning atvinnulífsins á mikilvægi framhaldsfræðslu og símenntunar sem auðlindar og fjárfestingar til framtíðar, sem getur bætt afkomu einstaklinga, fyrirtækja og samfélagsins í heild.
- Að efla og stuðla að aukinni samvinnu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.
- Að efla samvinnu við menntastofnanir og aðra þá sem bjóða framhaldsfræðslu og símenntun í landinu með það að markmiði að auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu.
- Að vera vettvangur umræðu um framhaldsfræðslu og símenntun á Íslandi sem og í norrænu og alþjóðlegu samhengi.
- Að gæta sameiginlegra hagsmuna aðila Kvasis gagnvart stjórnvöldum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði. Að efla skilning á hlutverki aðila Kvasis í menntakerfi þjóðarinnar og kynna starf þeirra.

5. gr. Stjórn, skipunartími og þóknun stjórnarmanna

Stjórn Kvasis er skipuð þremur mönnum. Hver stjórnarmaður skal skipaður til tveggja ára í senn, tveir annað árið og einn hitt árið. Stjórnin skiptir þannig með sér verkum; formaður, ritari og gjaldkeri.

Hlutgengir til setu í stjórn samtakanna eru starfsmenn og stjórnarmenn aðila Kvasis. Hver aðili tilnefnir einn starfsmann eða stjórnarmann úr sínum röðum sem fulltrúa sinn á fundum

Kvasis. Á aðalfundi og félagsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða tilnefndra fulltrúa miðstöðvanna og fer hver miðstöð með eitt atkvæði.

Aðilar Kvasis skiptast á að tilnefna stjórnarmenn, þannig að hver aðili tilnefnir einn aðalmannt í senn, í þeirri röð sem þeir koma sér saman um. Stjórn hefur forgöngu um að útfæra slíkt fyrirkomulag. Láti stjórnarmaður af störfum verður nýr stjórnarmaður kosinn í hans stað á næsta aðal- eða félagsfundi.

Stjórnarmenn hljóta ekki laun fyrir störf sín, en útlagður kostnaður sem af störfum þeirra hlýst greiðist af samtökunum.

6. gr. Verkefni stjórnar, fundir, ákvarðanataka

Stjórn Kvasis fer með daglegan rekstur samtakanna milli aðalfunda og félagsfunda. Hún skal vinna að markmiðum þeirra og öðrum þeim verkefnum sem henni eru falin af aðal- og félagsfundi. Jafnframt geta félagsmenn komið með hugmyndir að sameiginlegum verkefnum Kvasis og tekur stjórn þá ákvörðun um hvort í þau verði ráðist. Stjórnin kemur fram fyrir hönd samtakanna út á við og vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum.

Stjórnin skal halda fundi eftir þörfum. Halda skal fund ef stjórnarmaður óskar þess. Stjórnarfundi skal boða í tölvupósti til stjórnarmanna eða á annan tryggilegan hátt. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef allir stjórnarmenn eru mættir og ályktun er samþykkt samhljóða. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstakra mála sem varða hann persónulega og skal hann þá benda á vanhæfi sitt.

7. gr. Gerðabók, skráning funda og ákvarðana

Tryggilega skal færa til bókar allar ákvarðanir sem teknar eru á aðal-, félags- og stjórnarfundum. Heimilt er að fundargerðir séu unnar í tölvu og samþykktar í tölvubréfi. Fundargerðirnar skal varðveita á tryggilegan hátt og gera aðgengilegar á heimasíðu Kvasis.

8. gr. Fjárhagur, fjárvarsla, ábyrgð á skuldum, árgjöld og rekstraráætlun

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri og fjárhag Kvasis. Fjárhagslegar skuldbindingar samtakanna eru aðilum Kvasis óviðkomandi umfram það sem samþykkt hefur verið samhljóða á aðal- eða félagsfundum þar sem fulltrúar allra miðstöðvanna eru mættir eða umboðsmenn þeirra.

9. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Kvasis. Árlega skal halda aðalfund, eigi síðar en fyrir lok maímánaðar. Aðalfund skal boða með tryggilegum hætti í tölvupósti til aðila Kvasis með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Framkvæmdastjóri og forstöðumaður hvers aðila Kvasis ber ábyrgð á boðun til stjórnarmanna sinna og starfsfólks.

Aðalfundur ákveður árgjöld, sem standa skulu undir daglegum rekstri samtakanna. Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Stjórn skal leita til utanaðkomandi fagaðila til að skoða ársreikning félagsins og leggja skoðaða ársreikninga fyrir aðalfund.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um árgjöld.
4. Breytingar á samþykktum.
5. Skipun stjórnar.
6. Önnur mál.

10. gr. Félagsfundir

Félagsfund skal halda svo oft sem þurfa þykir að ákvörðun stjórnar eða ef þrír eða fleiri aðilar Kvasis óska þess.

Félagsfund skal boða með tryggilegum hætti í tölvupósti með hæfilegum fyrirvara.

11. gr. Atkvæðagreiðsla og réttur til setu á aðal- og félagsfundum

Hver aðili Kvasis fer með eitt atkvæði á aðal- og félagsfundum og skal stjórnarformanni samtakanna send tilkynning um það hver fer með atkvæði hennar á aðalfundi og hver til vara í forföllum aðalmanns.

Aðalfundur og félagsfundir eru ályktunarbærir ef fulltrúar $\frac{3}{4}$ hluta aðila Kvasis eða umboðsmenn þeirra eru mættir á fund og ef ályktun er samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjórar, starfsmenn og stjórnarmenn aðila Kvasis hafa rétt til setu á aðal- og félagsfundum með málfrelsi og tillögurétt.

12. gr. Breytingar á samþykktum þessum og slit samtakanna

Samþykktum þessum verður aðeins breytt með samhljóða samþykki aðalfundar. Tillaga að breytingum á samþykktum skal berast með aðalfundarboði. Séu ekki mættir fulltrúar allra aðila Kvasis á aðalfund þar sem tillaga um breytingar á samþykktum liggur fyrir skal boða til framhaldsaðalfundar. Mæti enn ekki fulltrúi viðkomandi aðila á þann fund getur framhaldsaðalfundur samþykkt breytingu á samþykktunum með atkvæðum allra þeirra sem mættir eru á aukaaðalfundinn. Aðili Kvasis getur sagt sig úr samtökunum með tilkynningu þar að lútandi og skal hún send formanni stjórnar Kvasis fyrir komandi áramót og tekur hún þá gildi á næsta aðalfundi.

Samtökum þessum verður slitið með sameiginlegri ákvörðun aðalfundar eða aukaaðalfundar með sömu formerkjum og hér að framan um breytingar á samþykktunum.

Samþykktir þessar taka gildi við samþykkt aðalfundar í Reykjavík 25. mars 2011.